Samtök náttúrustofa
sns@sns.is
kt. 660802-2580

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Höfn í Hornafirði, 22. nóvember 2023

Efni: Umsögn Samtaka náttúrustofa um tillögu til þingsályktunar um leyfi til veiða á álft, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma – mál 49.

Vísað er til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 10. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar frá náttúrustofum um tillögu til þingsályktunar um leyfi til veiða á álft, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma. Fylgir hér sameiginleg umsögn náttúrustofa í nafni samstarfsvettvangs þeirra, Samtaka náttúrustofa.

Samtök náttúrustofa mótmæla tillögu til þingsályktunar um að leyfa veiðar á álft, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma - einkum af fimm ástæðum: a) Skotveiðar ætti aldrei að stunda á varptíma fugla, b) sumir umræddra fuglastofna eru á hraðri niðurleið, c) ólíklegt er að hóflegar veiðar hafi merkjanleg áhrif á tjónið, d) gera þarf stjórnunar- og verndaráætlun um viðkomandi tegundir áður en svo róttæk breyting yrði gerð á fyrirkomulagi veiða og e) auka þarf samráð og rannsóknir á leiðum til að draga úr tjóni.

Skotveiðar fugla á varptíma eru óásættanlegar

Í tillögunni er lagt til að leyfa veiðar á varptíma, sem er siðferðilega óverjandi og gengur til dæmis gegn Fuglatilskipun Evrópusambandsins,[1] sem gildir víðast hvar á vetrarstöðvum þessara tegunda. Þar segir að veiðar skuli hvorki leyfðar á varptíma né á tímabilinu frá því að farfuglar mæta á varpstöðvar að loknu fari fram að varpi. Sambærileg ákvæði eru í alþjóðlegum siðareglum og meginreglum um fuglaveiði (sjá t.d. umfjöllun í [2]) og almennt er viðurkennt að fuglar skuli njóta friðar á viðkvæmum tímum, t.d. er í náttúruverndarlögum lagt bann við veiðum á fuglum í sárum. Í ljósi þess að umræddar tegundir eru farfuglar deilist ábyrgð okkar á þeim með fleiri löndum og er nauðsynlegt að taka tillit til þess við stýringu stofna.

Sumir umræddra fuglastofna hafa verið á hraðri niðurleið

Álft er friðuð samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Þó álftum hafi fjölgað undanfarna áratugi er tegundin einkar auðveld bráð og myndi stofninn að líkindum þola veiðarnar illa. Á stuttum tíma væri því hægt að höggva stórt skarð í stofninn með skotveiðum án þess að það hefði að líkindum mikil áhrif á tjón.

[1] https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:02009L0147-20190626

[2] https://www.researchgate.net/publication/319321175_Vernd_velferd_og_veidar_villtra_fugla_og_spendyra_Lagaleg_og_stjornsysluleg_stada_og_tillogur_um_urbaetur_Skyrsla_unnin_fyrir_umhverfis-_og_audlindaradherra_Protection_welfare_and_hunting_of_wild_bird.

Heiðagæsum hefur fjölgað mikið undanfarna áratugi og geta akrar á sumum landsvæðum orðið fyrir talsverðri beit að vorlagi. Þær stoppa þó stutt í ræktarlandi og verja mestum tíma á hálendinu.

Mikið er veitt af grágæsum og hefur stofninn minnkað hratt á undanförnum árum. Til að bregðast við hnignuninni og að auka líkurnar á að stofninn nái sér á strik á ný setti umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra sölubann á grágæsaafurðir í ágúst síðastliðnum.[3] Til stóð að stytta veiðitímann líka en ákveðið var að bíða með það á meðan gerð stjórnunar- og verndaráætlunar stendur yfir. Þingsályktunartillagan gengur þvert á markmið bannsins.

Árið 2022 geisaði fuglaflensa víða og hafði mikil áhrif á fjölda fuglastofna. Helsingi er ein þeirra tegunda sem fór nokkuð illa vegna fuglaflensu en talsverður fjöldi drapst yfir sumartímann á Íslandi. Í desember það ár geysaði flensan á vetrarstöðvunum og drápust helsingjar í hundraðatali dag hvern. Ekki hefur verið metinn fjöldinn sem drapst en stærsta helsingjavarp Íslands í Skúmey hafði minnkað um 15% sumarið 2023 frá árinu áður.[4] Ekki er víst að búið sé að bíta úr nálinni með áhrif flensunnar á stofninn og mikilvægt að stíga varlega til jarðar. Þó fjölgað hafi hratt í varpstofni helsingja á Íslandi telur stofninn aðeins um 10.000 einstaklinga.

Óvíst hvort veiðar myndu draga úr tjóni

Samtök náttúrustofa telja að ekki hafi verið sýnt fram á að veiðar muni þjóna þeim tilgangi að minnka tjón. Ekki er línulegt samband á milli veiða og tjóns og jafnvel eru líkur á að minnka þyrfti umræddra stofna talsvert áður en fram kæmi minnkun tjóns. Á meðan ræktarlönd eru eftirsótt af fuglunum munu þau draga þá að sér. Þrátt fyrir að gæsir séu nú þegar veiddar í ökrum þá virðist það ekki hafa mikinn fælingarmátt og sækir fuglinn enn í þá.

Brýnt er að ljúka við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar

Stjórnunar- og verndaráætlun er mikilvægt stjórntæki við veiðistjórnun. Brýnt er að ljúka slíkri áætlun fyrir umræddar tegundir áður en veiðiheimildir verða útvíkkaðar frá því sem nú er.

Auka þarf samráð og rannsóknir á leiðum til að draga úr tjóni

Finna þarf leiðir til að bæta sambúð landbúnaðar og villtra dýra, þar sem tekið er tillit til hagsmuna bænda og dýrastofna. Til að það geti orðið þarf að koma á samtali á milli fulltrúa bænda og rannsóknaaðila, ásamt fulltrúum umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytisins. Að auki þarf stórátak í rannsóknum á umfangi og eðli tjónsins, sem og atferli og ferðum fuglanna sem líklegir eru til að valda tjóni. Erlendar rannsóknir hafa til að mynda sýnt að akrar verða fyrir mestu tjóni ef þeir eru í nágrenni við vötn eða votlendi sem fuglarnir nota til næturdvalar.[5] Án skilnings á þáttum af þessu tagi er ólíklegt að hægt verði að fara í markvissar aðgerðir til að fyrirbyggja tjónið.

[3] https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/08/17/Timabundid-bann-sett-vid-solu-a-gragaes/
[4] Náttúrustofa Suðausturlands, óbirt gögn.
[5] https://link.springer.com/article/10.1007/s13280-017-0899-5

Þegar land er tekið til ræktunar er viðbúið að villt dýr nýti sér það til fæðuöflunar. Það er eðlilegt, sérstaklega þegar um er að ræða mjög eftirsótta fæðu, en getur valdið skertri uppskeru að hausti. Brýnt er að finna jafnvægi þar sem tekið er tillit til sem flestra sjónarmiða. Dráp dýra til að verja hagsmuni mannsins ættu að vera þrautaráð sem aðeins er gripið til þegar öll önnur úrræði hafa verið reynd. Ýmis slík úrræði eru til en þau hafa ekki verið prófuð hér á landi með skipulögðum hætti.

Bæta þarf styrkjakerfi til bænda

Ljóst er að bændur geta orðið fyrir talsverðu tjóni vegna veru fugla í ræktarlandi og samkvæmt reglugerð, sem tók gildi þann 22. apríl 2021, er gert ráð fyrir að þeir geti fengið það bætt.[6] Í skýrslunni Bleikir akrar – aðgerðaráætlun um aukna kornrækt[7] er samantekt á tjóni og greiðslum síðustu ára en greiddar voru þrjár, fimm og tvær m.kr. árin 2020-2022. Mjög líklegt er að greiðslur vegna tjóns bænda séu ekki í samræmi við raunverulegt tjóns þeirra en í fyrrnefndri skýrslu kemur einnig fram að kerfið sem tekur á tjóni bænda sé ófullnægjandi eins og er, verulegur misbrestur er á því að tjón sé skráð og eftirlit með tjóninu ófullnægjandi. Einnig er bent á þann galla að núverandi fyrirkomulag byggi á því að færa styrki úr heildarsjóði jarðræktarstyrkja til þeirra bænda sem skrá tjón af völdum fugla og þar með minnka jarðræktarstyrkir í samræmi við umfang tilkynnts og úttekins tjóns. Bændur hafa þess vegna haldið því fram að það taki því ekki að sækja tjón því það komi bara niður á upphæðum sem fást í jarðræktarstyrki sem er einfaldara umsóknarkerfi.[8] Samtök náttúrustofa leggja til að kerfið til að tilkynna tjón verði gert skilvirkara og að tryggt verði að bæturnar skerði ekki aðra styrki sem þeir hafi kost á.

Ef leyfa ætti veiðar utan hefðbundins veiðitíma þyrfti vandaða umgjörð sem byggði á sérfræðiþekkingu og eftirliti. Allar líkur eru á að slíkt yrði jafn kostnaðarsamt og að bæta bændum raunverulegt tjón. Það er því vert að velta fyrir sér hvort þær breytingar sem lagðar eru til í tillögunni myndu skila tilætluðum árangri eða séu kostnaðarlega hagkvæmar. Samtök náttúrustofa telja að heppilegra væri að einbeita sér að öðrum lausnum, sem hér hafa verið nefndar.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa

Þorkell Lindberg Þórarinsson,
formaður SNS og forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands

Lilja Jóhannesdóttir,
forstöðumaður Náttúrustofu Suðausturlands

[6] https://island.is/reglugerdir/nr/0430-2021
[7] https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MAR/Fylgiskjol/Bleikir%20akrar_A%c3%b0ger%c3%b0a%c3%a1%c3%a6tlun%20um%20aukna%20kornr%c3%a6kt_lokaskjal.pdf
[8] https://www.bbl.is/frettir/frettaskyring/agreiningur-um-ahrif-veida